

Gangnaseðill sauðfjár haustið 2016 á gangnasvæði frá Skjöldalsá að Ytrafjalli

Meðfylgjandi er gangnaseðill vegna fjallskila haustið 2016.

1. göngur: 3. sept.
2. göngur: 17. sept.

Dagsverkið er metið á kr. 10.000-.

Á gangnaseðlinum eru þeir aðilar sem göngur eru lagðar á, en það eru þeir sem sleppa fé á afrétt. Göngur eru lagðar á fjáreigendur eftir fjárfjölda, þó mismunandi eftir gangnasvæðum.

Meðfylgjandi er listi yfir gangnaforingja. Þremur dögum fyrir göngur ber að tilkynna viðkomandi gangnaforingja hverjir mæti.

Fyrir hvert gangnarof greiðist 1,5 dagsverk í fjallskilasjóð.

Hreinsa skal allt ókunnugt fé úr heimalöndum fyrir auglýsta gangnadaga og koma til skila. Óheimilt er að sleppa fé í afrétt að loknum göngum.

Ekki má flytja sauðfé yfir varnarlínur nema með sérstöku leyfi.

Umsjón með göngum í Hrafnagilsdeild hefur Svanhildur Ósk Ketilsdóttir á Finnastöðum, sími 864-3085.

Gangnasvæði:	Gangnaforingi:	Sími:
Skjöldalur og Hraungerðisdalur	Þróstur Jóhannesson	846 8679
Finnastaðadalur, Grundarfj. og Syðrafjall	Svanhildur Ósk Ketilsdóttir	864-3085
Ytrafjall	Helgi Þórsson	463 1128

Réttað verður í Hraungerðisrétt þegar komið er að.

Réttarstjóri: Ketill Helgason, sími 864 0258.

Gangnaseðlar eru á heimasíðu Eyjafjarðarsveitar.

Innheimt verður gjald í fjallskilasjóð kr. 60 fyrir hverja kind samkvæmt búfjárskýrslu nema hjá þeim sem hafa allt fé heima.

Fjallskilanefnd